

Nd.

## 26. Frumvarp til laga

[26. mál]

um greiðslu bóta vegna óverðtryggðrar framleiðslu landbúnaðarvara.

Flm.: Pálmi Jónsson, Steinþór Gestsson, Eggert Haukdal, Friðjón Þórðarson, Sverrir Hermannsson, Halldór Blöndal, Matthías Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen, Jósef H. Þorgeirsson.

### 1. gr.

Ríkisstjórnin skal útvega fjármagn, er nemi þremur milljörðum króna, til að bæta bændum að nokkru halla af óverðtryggðum útflutningi landbúnaðarafurða á síðasta verðlagsári og til að greiða fyrir sölu á þeim búvörubirgðum, sem óseldar voru við upphaf þessa verðlagsárs.

Af fjárhæð þessari verði tveimur milljörðum króna þegar varið til endurgreiðslu á verðjöfnunargjaldi, sem Framleiðsluráð landbúnaðarins innheimti af framleiðslu síðasta verðlagsárs, en einum milljarði til þess að greiða fyrir sölu á birgðum og framleiðslu búsafurða á fyrri hluta þessa verðlagsárs.

Byggðasjóði verði gert að leggja fram einn milljarð króna á ári að hámarki á næstu þremur árum til endurgreiðslu á láni sem tekið kann að verða í þessu skyni.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta Alþingi, en kom þá eigi til umræðu. Þá fylgdi frumvarpinu svofelld greinargerð:

Alkunna eru þau margvíslegu vandamál, sem að bændum hafa sótt á þessu ári. Stórlega skortir á að fullt verð náist fyrir framleiðslu síðasta verðlagsárs, vegna halla af útflutningi búvara. Harðindi, sem gengið hafa yfir landið í vor, sumar og haust, hafa valdið gífurlegu tjóni. Heyfengur er nú minni en um árabíl og veruleg skerðing bústofns blasir við í heilum landshlutum. Dilkar eru óvenjurýrir, eða víða nálægt 2 kg léttari en í fyrra, og kýr hafa mjólkað illa vegna tíðra hrakviðra. Verulegur samdráttur blasir við í búvöruframleiðslu á næsta ári samfara versnandi afkomu bænda.

Hinn 5. júní s. l. skipaði landbúnaðarráðherra nefnd, sem m. a. fékk það verkefni að gera tillögur um „lausn á vandamálum bænda vegna söluerfiðleika erlendis á umframframleiðslu landbúnaðarafurða, þannig að tekjuskerðing bænda verði sem minnst“.

Nefndin skilaði álit 28. júlí og varð meiri hluti hennar sammála, þ. e. fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokksins, Alþýðubandalagsins, Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda. Þessir nefndarmenn létu þó fylgja tillögum sínum sérstakar bókanir. Fulltrúi Alþýðuflokks skilaði á hinn bóginn séráliti.

Frumvarp það, sem hér er flutt, er alfarið byggt á tillögum meiri hluta nefndarinnar. Með frumvarpinu eru prentuð sem fylgiskjöl greinargerð og tillögur meiri hlutans, ásamt þeim bókunum, sem fram voru settar af þeim mönnum sem meiri hlutann skipuðu.

Frumvarpið þarfnast því ekki ítarlegra skýringa.

Frá því nefndin skilaði álit er ekki vitað til þess, að landbúnaðarráðherra eða ríkisstjórnin, sem nú er fyrrverandi, hafi á nokkurn hátt reynt að koma tillögum nefndarinnar í framkvæmd. Hlýtur það að teljast ámælisverður sofandaháttur í þessu máli. Frumvarpið er því flutt til þess að koma málinu fyrir Alþingi, en eins og áður sagði stóðu fulltrúar þriggja flokka að þeim tillögum, sem það er byggt á. Þótt núverandi aðstæður í stjórnámálum hindri það, að frv. nái fram að ganga um sinn, mun það tekið upp þegar Alþingi kemur saman að nýju.

## Fylgiskjal I.

### **Greinargerð og tillögur meiri hluta Harðindanefndar.**

Í samræmi við erindisbréf sitt hefur meiri hluti nefndarinnar kannað ýmsa helstu þætti í verðlags- og sölukerfi búvara og horfur í framleiðslu- og solumálum landbúnaðarins. Einnig hefur verið rætt við marga forstöðumenn landbúnaðarstofnana og sölufélaga bænda.

Mikill samdráttur er fyrirjáanlegur í mjólkurframleiðslunni á þessu ári vegna erfiðs tíðarfars. Nýjasta áætlun Framleiðsluráðs gerir ráð fyrir að hún verði í ár 5% minni en á árinu 1978.

Af þessum sökum er unnt að draga nokkuð úr framleiðslu smjörs og hefur verið hætt við fyrri áform um að flytja út 500 tonn.

Gert er ráð fyrir að um næstu áramót verði smjörbirgðir í landinu um 1180 tonn eða 150 tonnum minni en um s. l. áramót.

Á fyrstu 9 mánuðum þessa verðlagsárs varð ca. 19.7% söluaukning á kjöti hér innanlands. Hins vegar verður útflutningur kindakjöts um það bil 800 tonnum minni á verðlagsárinu en ráðgert var og birgðir þeim mun meiri 1. september.

Þá náðist ekki að flytja út osta eins og ætlað var svo að birgðir 1. september munu verða að minnsta kosti helmingi meiri en eðlilegt getur talist, eða 1400 tonn af 45% osti í stað 700 tonna, sem væri hóflegt að hafa í birgðum. Þessi birgðavandi flyst því yfir á næsta verðlagsár. Í heild verður útflutningsbótaþörfin sem næst 4.5 milljarðar króna vegna útflutnings þessa verðlagsárs og þeirra birgða af framleiðslu verðlagsársins 1978—1979, sem flytja þarf út.

Vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem skapast hafa vegna óheftrar framleiðslu undangenginna ára telur meiri hluti nefndarinnar rétt að lagt verði fram fé að þessu sinni til viðbótar lögboðnum útflutningsbótum. Meiri hlutinn álitur að hinar nýju heimildir Framleiðsluráðs til aðgerða, sem ætlað er að koma skipulagi á framleiðslu landbúnaðarvара, muni fremur ná því marki að aðlaga framleiðsluna þörfum þjóðarinnar, ef ekki þarf að fást við fjárhagsvanda frá fyrri árum og söluerfiðleika vegna eldri birgða.

Meiri hluti nefndarinnar leggur eftirfarandi til við ríkisstjórnina:

1. Að hún útvegi viðbótarfjármagn að upphæð 3 milljarða króna til að bæta bændum að nokkru óverðtryggðan útflutning landbúnaðarafurða á yfirstandandi verðlagsári, og til að greiða fyrir sölu á þeim búvörubirgðum sem í of stórum mæli eru óseldar við upphaf nýs verðlagsárs.

Fjárhæð þessi svarar til  $\frac{2}{3}$  hluta af þeirri tekjuskurðingu sem annars blasir við að bændur verði fyrir, ef ekkert er að gert.

2. Af framangreindri upphæð verði tveir milljarðar króna útvegaðir svo fljótt, að þeir komi til nota fyrir lok verðlagsársins, svo að Framleiðsluráð geti dregið verulega úr innheimtu þess verðjöfnunargjalds, sem þegar hefur verið ákveðið.

Jafnframt leiti ríkisstjórnin eftir því við Framleiðsluráð, að við innheimtu þess verðjöfnunargjalds, sem óhjákvæmilegt reynist að taka, verði notuð heimild í lögum til að innheimta mishátt framleiðslugjald eftir bústærð.

3. Ríkisstjórnin beini því til sláturleyfishafa og annarra söluaðila landbúnaðarins að þeir taki tillit til þess sérstaka vanda, sem nú er við að fást, og hækki endanlegt útborgunarverð til bænda vegna framleiðslu verðlagsársins 1978—1979, t. d. með því að fresta afskriftum.
4. Fjárúttegur þessi verði tengd aðgerðum til að koma skipulagi á framleiðslu landbúnaðarvара með það að markmiði að framleiðslan aðlagist sem best neysluþörfum þjóðarinnar.

Ingi Tryggvason.  
Ásgeir Bjarnason.  
Kjartan Ólafsson.

Steinþór Gestsson.  
Jón Guðmundsson.

## Fylgiskjal II.

### Bókun á fundi Harðindanefndar 28. júlí 1979.

Við undirritaðir leggjum áherslu á, að þær aðgerðir, sem framkvæmdar verða til að aðlaga framleiðslu landbúnaðarvæðinga sem best neyslubörfum þjóðarinnar, verði með þeim hætti, að þær valdi sem minnstri röskun á hógum bænda, og verði við það miðaðar, að ekki þurfi að flytja inn landbúnaðarvörur.

Við erum því fylgjandi, að gerð verði áætlun til 5 ára að ná þessum framleiðslumarkmiðum. Til að ná þeim viljum við leggja til að eftirfarandi ráðstafanir verði gerðar:

1. Á næstu 5 verðlagsárum verði útflutningsbótaréttur óbreyttur að verðgildi frá því sem er á þessu ári.
2. Fjármunir þeir, sem sparast kunna á næstu 5 árum vegna minnkaðrar framleiðslu, verði notaðir til að endurgreiða viðbótarútflutningsbætur þær, sem greiddar verða á verðlagsárunum 1978—1979 og 1979—1980, og til að aðstoða bændur við að aðlaga framleiðslu sína settum markmiðum.
3. Niðurgreiðslur á smjöri og dillkakjöti lækki ekki hlutfallslega á næsta verðlagsári.
4. Teknir verði upp samningar milli ríkisvaldsins og bænda um nánari framkvæmd þessara tillagna.

Ingi Tryggvason.  
Jón Guðmundsson.

Ásgeir Bjarnason.  
Kjartan Ólafsson.

## Fylgiskjal III.

### Bókun Steinþórs Gestssonar á fundi Harðindanefndar 28. júlí 1979.

Aðild undirritaðs að tillögum meiri hluta Harðindanefndar er við það miðuð, að viðbótarfjárveitingar ríkissjóðs verði ekki aflað með nýrri skattheimtu, heldur verði fjárorflun þannig:

- a) Bygðasjóði verði gert að leggja fram einn milljarð króna á ári að hámarki, á næstu þremur árum, til greiðslu upp í þessa viðbótarfjárveitingu ríkissjóðs.
- b) Á næstu þremur árum verði það fé, sem gengur af útflutningsbótum vegna minnkaðrar framleiðslu, látið ganga til greiðslu í sama skyni.
- c) Beitt verði aðhaldsaðgerðum í opinberum rekstri og því fé, sem þannig sparast, beini ríkisstjórnin m. a. til þess að lækka framlag Bygðasjóðs.
- d) Ríkissjóður greiði vexti og annan fjármagnskostnað.

Í öðru lagi legg ég áherslu á þá tillögu meiri hluta nefndarinnar, að sláturleyfis-hafar hækki endanlegt útborgunarverð til bænda vegna kindakjötsframleiðslunnar 1978 með því að endurgreiða af innheimtum sláturkostnaði kr. 12.00 af hverju kg kjöts, en það svarar til þess að afskriftum verði frestað um eitt ár og að dregið verði úr viðhaldskostnaði sem svarar kr. 6.00 á hvert kg kjöts.

Þessi aðgerð mundi minnka tekjuskerðingu bænda um því sem næst 185 milljónir króna, og með endurgreiðslu Búvörudeildar S.Í.S. og Osta- og smjörsölnunnar, að þessu sinni, á hluta af umboðslaunum þeirra af útfluttum búvörum á árinu 1979, t. d. um 100 milljónir króna, væri af þessum aðilum tekið nokkurt tillit til þess vanda sem nú er við að fást.

Tillögur meiri hluta Harðindanefndar eru í samræmi við erindisbréf hennar einskorðaðar við vanda bænda vegna söluerfiðleika erlendis á umframframleiðslu landbúnaðarvæðinga frá verðlagsárinu 1978—1979 og fyrri árum.

Lika verður það að teljast eðlilegra að Alþingi og ríkisstjórn fjalli um þau vandamál, sem upp kunna að koma um það leyti eða eftir að Alþingi kemur saman til funda.

Ég hef því ekki getað fallist á að nefndin gerði frekari tillögur en hér eru settar fram. Um ástand og horfur í haust eru enn of margir óvissuþættir til þess að tillögugerð geti orðið með raunsæjum hætti, þar sem tillögurnar hlytu að byggjast á getgátum að mestu leyti.

Steinþór Gestsson.